

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 3. desember 1991

um fyrirmynd að tilkynningu sem er send um tölvuvædda netkerfið „Animo“

(91/637/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 91/496/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Framkvæmdastjórnin samþykkti 19. júlí 1991 ákvörðun 91/398/EBE um tölvuvætt netkerfi dýraheilbrigðisyfirvalda (Animo) ⁽³⁾.

Til að tryggja snurðulausa starfsemi netkerfisins skal útbúa fyrirmynd að tilkynningu sem lögbærum dýraheilbrigðisyf-irvöldum er ætlað að senda.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Tilkynningar sem eru sendar um tölvuvædda netkerfið Animo skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í viðaukanum.

2. gr.

Ákvörðun þessa skal endurskoða fyrir 31. desember 1992 með hliðsjón af breytingum á dýraheilbrigðisreglum, einkum reglum er varða kröfur um vottun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. desember 1991.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ray MAC SHARRY

framkvæmdastjóri.⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 224, 18. 8. 1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 56.⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. L 221, 9. 8. 1991, bls. 30.

VIÐAUKI

FYRIRMYND AÐ TILKYNNINGU

1. Sendingardagur

2. Uppruni

- Landskenni — einingarkenni
- Heilbrigðisvottorð
 - Númer
 - Dagsetning
- Nafn dýralæknis sem undirritar vottorðið

3. Viðtökustaður

- Landskenni — einingarkenni
- Viðtakandi og heimilisfang á viðtökustað

4. Vörur

- Tegund — kenni
- Fjöldi/magn

5. Flutningatæki

- Tegund flutningatækis (vörubíll, járnbrautarlest, flugvél, skip, o.s.frv.)
- Auðkenni flutningatækis (skráningarnúmer vörubíls, vagnnúmer, flugnúmer, heiti skips, gámanúmer o.s.frv.)

6. Athugasemdir

[Einkum fyrir skoðunarstöðvar á landamærum: uppruni dýra og afurða.]
